



Alþingi
Erindi nr. P 127/122
komudagur 12. 3. 2002

Reykjavík, 12. mars 2002.

Hr. Guðmundur Hallvarðsson,
formaður samgöngunefndar.

Efnahags- og viðskiptanefnd tók fyrir á fundi sínum erindi samgöngunefndar, dags. 25. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um aðbúnað skipverja, 184. mál.

Samþykkt var að skila ekki umsögn um tillöguna þar sem talið er að málið sé ekki á málefnasviði nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. efnahags- og viðskiptanefndar,

Hafþís Ólafsdóttir,
starfandi nefndaritari.



Alþingi
Erindi nr. P 127/498
komudagur 12.12.2001

Reykjavík, 12. desember 2001.

Hr. Guðmundur Hallvarðsson.
formaður samgöngunefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn, 184. mál, samkvæmt beiðni samgöngunefndar með bréfi frá 22 nóvember sl.

Nefndinni bárust umsagnir vegna málsins á 126. löggjafarþingi frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannahjónustunni í Reykjavík og nágrenni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannadagsráði og Þjóðkirkjunni.

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 163, en hún hefur að geyma ábendingar um aðbúnað skipverja á hafi úti og í höfn sem eru nánar útfærðar í tillögu stofnunarinnar nr. 173. Félagsmálanefnd er almennt fylgjandi málinu en telur þó að skoða þurfi nokkur atriði frekar. Af efni samþykktarinnar og tillögu nr. 173 verður ekki annað séð en að þeim fylgi miklar skuldbindingar fyrir aðildarríkin með tilheyrandi kostnaði. Í greinargerð með tillögunni er lagt til að rekstrarkostnaður vegna málsins, sem numið geti um 20 millj. kr. á ári, verði fenginn með tilteknu hlutfalli af vörugjöldum. Telur félagsmálanefnd sýnt að gera þurfi nákvæmt kostnaðarmat vegna tillögunnar. Jafnframt leggur nefndin til að málið verði sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar. Þá telur hún að skoða þurfi betur með hvaða hætti fullnægja eigi skuldbindingunum í höfnum á landsbyggðinni og þann kostnað sem af því hlýst. Loks bendir nefndin á að mörg sú þjónusta sem skuldbindingarnar lúti að, svo sem síma-, tölvu- og pósthjónusta, veitingaþjónusta, bókasafn og ýmis menningarstarfsemi, er nú þegar í boði fyrir skipverja þó að hana sé ekki að finna á einum stað þar sem ferðaþjónustan sér almennt um slíka þjónustu.

Virðingarfyllst,
f.h. formanns félagsmálanefndar,

Hildur Njarðvík, nefndarritari.

FÉLAGSMÁLNEFND



Skipholt 50 D
IS - 105 Reykjavík, Iceland
Telephone +354 551 1915
Tclfax +354 562 5215
Mobile +354 898 4399
E-mail borgtor@mmedia.is

• International Transport Workers Federation
Flag of Convenience Campaign office, Iceland

• Alþjóða flutningaverkamannasambandið
skrifstofa fyrir herferð gegn hentifánum

Alþingi
Erindi nr. P 127/308
komudagur 30.11.2001

ITF Seafarers Trust.

Þessi sjóður er stofnaður í framhaldi af herferð Alþjóða flutningaverkamannasambandsins gegn hentifánum. Þessi herferð hófst árið 1949 og tilgangur hennar var að beina kaupskipum aftur til baka undir eigin siglingafána. Þ.e., að áhöfn, siglingafáni og útgerðarmaður væru frá sama ríki.

Síðar meir, eða eftir 1960, fór ITF að útbúa sérstaka kjarasamninga sem gilda ættu um borð í svona kaupskipum og tryggja áhöfn skipanna lágmarks mannréttindi. Þessir samningar eru í dag nokkru hærrí og fela í sér betri kjör en ákvæði ILO, lágmarks viðmiðanir Alþjóða vinnumálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Viðmiðanir ILO beinast einkum að félagslegum aðbúnaði og mannréttindum.

Samþykkt ILO nr. 163 fjallar um aðbúnað skipverja í höfn. Þ.e. félagsleg starfsemi, klúbbar með aðstöðu fyrir Internet tengingu til fjölskyldu, kaffi og veitingar, blöð, tómstundir svo sem skoðunarferðir, sund, billjard, golfhermir o.fl.

Þegar ITF gerir kjarasamninga við útgerðarmenn hentifánaskipa fallast útgerðarmenn á að greiða 230 USD á stöðu og ár um borð í kaupskipi. Í dag er greitt af um 400.000 stöðugildum. 70% þessarar upphæðar rennur í sjóð sem heitir ITF Seafarers Trust og er sjálfseignarstofnun í eigu ITF. Í stjórn sjóðsins sitja fulltrúar ITF og alþjóðasambands útgerðarmanna, framkvæmdastjóri sjóðsins er finnskur sjómannaprestur.

Sjóður þessi veitir fjármunum til að reisa sjómannaþjónustur víðs vega um heiminn þar sem þeirra er talin þörf. Sjómannaþjónusturnar eru síðan reknar af aðilum innan viðkomandi landa og fjármagnaðar af viðkomandi þjóðum, t.d. með sérstöku prósentu af hafnargjöldum, með framlögum á fjárlögum eða gegnum sérstakt álag á hverja skipakomu. Sjóðurinn veitir óafturkræfanlegum styrkjum til:

1. Byggingar húsnæðis fyrir starfsemina.
2. Húsgagnakaupa, tækjakaupa, bílakaupa.
3. Að gera úttekt á þörf fyrir sjómannaþjónustu.
4. Endurnýjunar á tækjabúnaði, húsgögnum og farartækjum.
5. Viðgerða á húsnæði til sjómannaþjónustu.

Sjóðurinn veitir ekki styrkjum til rekstrar, svo sem launagreiðslna, fasteignargjalda, beinnrar húsaleigu eða annars sem viðkemur daglegum rekstri.

Til Sjómannaþjónustunnar í Reykjavík og nágrenni hefur sjóðurinn veitt um 100 mill. kr. en ekki greitt fram til þessa nema rétt um 30 millj. þar sem peningarnir greiðast í áföngum eftir því sem verkinu miðar, en hús þjónustunna er rétt orðið fókelt.

Sjómannaþjónustan í Reykjavík og nágrenni var stofnuð 17.maí 1999 af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannadagsráði, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Vélstjórafélagi Íslands og Þjóðkirkjunni. Víða um heim hefur sjómannaþjónustan og sjómannakirkjan verið tvær aðskilda stofnanir. Hin síðari ár hefur þessi starfsemi verið að sameinast og Seafarers Trust hefur styrkt slíkar sameiningar með fjárframlögum. Rétt þótti því að þetta verkefni á Íslandi yrði sameiginlegt frá byrjun. Biskupinn yfir Íslandi, herra Karl Sigurbjörnsson hefur ákveðið að skípa sérstakan miðborgarprest sem hafi jafnframt það verkefni að þjóna þörfum sjómannaþjónustunnar í samstarfi við önnur trúfélög í landinu þegar svo ber undir. Áætlað er að aðstaða miðborgarprestsins verði í framtíðinni í húsnæði Sjómannaþjónustunnar.

Ef fleiri upplýsingar vantar er ég tilbúinn að mæta á fund með nefndinni eða að veita frekari skriflegar upplýsingar.

Borgþór S. Kjærnested
eftirlitsfulltrúi ITF á Íslandi.